





**HLUTI freskunnar í Landsbankanum: Sjósetning - máluð svo til nákvæmlega eftir ljósmyndinni til hægri. Í þesskonar notkun tækninnar hefur Kjarval einnig verið brautryðjandi.**



**SJÓSETNING. Ljósmynd tekin í Grindavík 1924.**

til þessa komið fram sem skyldi, hvað Kjarval var á næstu árum á eftir undir sterkum áhrifum frá dönskum modernisma. Hún bendir á að athyglisvert sé að bera saman verk eftir danska málara Jais Nielsen: *Sirkussýning-Löftfimeikamenn* og vel þekkt málverk Kjarvals, *Íslenskir listamenn við skilningstréð*, málað 1918. Í báðum verkunum er horft niður á hringlaga svið þar sem löftfimeikamennirnir eru hjá Nielsen, en hinir íslensku listamenn hjá Kjarval. Þessi samlikning sýnir líka hvað Kjarval tókst vel að vinna úr sínum áhrifum á persónulegan hátt. Málverk Nielsens er mjög franskættað og undir kúbískum áhrifum. Þau sjást hinsvegar ekki í mynd Kjarvals og í hestunum sést sú persónulega og sérstæða útlínuteikning sem oft átti eftir að einkenna verk hans.

Skömmu síðar málaði hann það dulmagnaða verk *Jónsmessunótt* með þeysiríðandi mönnum sem virðast verða viðskila við hestana og þyrlast upp eftir óraunverulegu landslagi og hrapa síðan niður. Þarna virðist mér að sé mest nálgun við verk og hugmyndir Einarssonar, annaðhvort um endurfæðingu eða eilífa hringrás. En svo aftarlega vorum við á merinni þegar Kjarval sýndi verkið í Reykjavík 1919, að ekki virðist hafa verið hægt að meta það nema út frá raunsæislegu sjónarmiði. Um myndina sagði svo í Vísi:

„Ég kann ekki að meta þessa hryggbrotnu og sliguðu húðarjálka. Þeir vekja hjá mér viðbjóð og andstyggð á þessum skrípalátum og Jónsmessustemningin fer út um þúfur“.

Á þessum mótunarárum liggur leið Kjarvals til Frakklands og Ítalíu. Frá þeim tíma er Skógarhöllin, frábærlega stílfærð skógarmynd, sem höfð er í öndvegi á sýningunni. Það hefur verið skemmtilegur tími í lífi málara þegar hann fór ásamt Tove konu sinni til Ítalíu snemma árs 1920. Það voru ekki bara sjónlistirnar allt um kring í Róm sem örvuðu hann, heldur einnig sigilt bókmenntaverk Dantes, *La divina comedia*. Samnefnd rauðkritarmynd Kjarvals með heimspekilegu og tilvistarlegu inntaki er meðal mynda á sýningunni. Frá hinni eilífu borg skrifaði Kjarval Einari Jónssyni bréf, þar sem stendur m.a. svo um rústir Rómaborgar: „Þær virka á mig sem skopleikur hins materialla mannsanda - tragisk og brjálsemislega virka þær á mig - það fyrirgefingalega eru minnisborgirnar og heiðursliðin - þau eru bæði falleg og manneskjuleg listaverk eða gætu verið“.

## FJÖLHÆFNIN PÓTTI GALLI

Þegar líður á þriðja áratuginn, taka að birtast landslagsmyndir frá hendi Kjarvals, sem gefa vísbendingu um komandi ár. Málverk af Hrafnabjörgum frá árinu 1929 er þar á meðal; dæmigerð Kjarvalsmynd mundu margir segja. En jafnframt - það sama ár málar hann algerlega abstrakt, og það geometriskt, verk sem hann nefnir á sinn skáldlega máta „*Expanótíska artífisjón af landslagi*“. Það leið síðan og beidi í rúm 20 ár þar til tízkan bauð þeim sem þá voru nýkomnir frá París að mála ekki ósvipaðar myndir. Önnur mynd, *Dvergghamrar*, einnig frá árinu 1929, sameinar abstrakt flatarmynd, kúbisma og impressjóníska áferð og líti. Þetta sýnir að Kjarval hefur viljað reyna flestar stílteygundir og jafnvel að blanda þeim saman. Hann var uppfullur af áhuga á kúbisma úti í Kaupmannahöfn árið 1917 eftir því sem Magnús Á. Árnason hefur sagt: „Hann talaði þá af svo miklum eldmóð um þá stefnu (kúbisma) að ekki var hægt annað en sannfæraðast um framtíð hennar og möguleika.“

Það voru samt slíkar tilraunir og eðlilegar þreifingar skapandi listamanns, sem fóru í taugarnar á sumum hér heima. Þeim fannst

hann eins og reiðhestur sem hleypur upp af skeiðinu.

„Ásgrímur vinnur í ákveðna átt og nær þar til fullkomnunar. Kjarval herjar út og suður“ sagði einn gagnrýnandi. Valtýr Stefánsson, ristjóri Morgunblaðsins, gerði þetta sama oftast en einu sinni að umkvörtunarefni í gagnrýni. Á sýningu sem Kjarval hélt 1924, gagnrýndi Valtýr málaraðinn sérstaklega fyrir að vinna ekki saman hugmynd og mynd. Það er út af fyrir sig furðulegt aðfinnslefnir; listamaðurinn einn veit hver hugmyndin er og enginn annar en hann getur dæmt um þetta. En þetta skilningsleysi á verkum Kjarvals virtist ekki dvína á næstu árum, segir Kristín G. Guðnadóttir í ritgerð sinni í sýningar-skránni. Og til þess að kveða niður fordóma og auka skilning á myndlist hóf hann útgáfu á blaði árið 1925 og nefndi það *Essenisma*.

Þessi barátta virðist hafa gleymst í árunna rás; við höldum að Kjarval hafi alltaf verið óskabarn þjóðarinnar og búið við addáun. Og vissulega átti hann sanna addáendur frá upphafi, menn eins og Guðbrand Magnússon, sem létu sig engu skipta þótt Kjarval hefði fleiri en eina liststefnu undir.

„Kjarval hafði móthyr á árunum 1922-1926“, segir Kristín G. Guðnadóttir, „En eftir að hann sýndi mannamyndir, eða „hausana“ eins og þeir eru nefndir, breyttist viðhorfið til hins betra. Í viðtali við Lögréttu í apríl 1922, reynir Kjarval að svara fram kominni gagnrýni og segir þar:


„Sjálfrum hefir mér verið borið á brýn, að jeg væri sjaldan sjálfur mjer líkur og sundurleitur í verkum mínum og er þetta ekki að ósekju, því er fljótt á að líta fyrir þann sem heimsækir mig og sjer það sem jeg hefi gert að jeg muni ekki vera við eina fjölinu felldur. Jeg er þessa fullvitandi og reyni ekki að skýla þessu, því þá færur landar mínir þess á mis að sjá hvernig unglingurinn hefir unnið meðan hann var að skoða heiminn, sem honum var ókunnugur, nema í munnmælum og kynjasögum.“

Þetta er athyglisvert vegna þess að enn á vorum dögum eru gagnrýnendur að pota í þá sem „herja út og suður“ og eiga það til að vera sundurleitir í verkum sínum.

Með því merkasta sem liggur eftir Kjarval frá þessu tímabili er freskan í Landsbankanum; minna þekkt verk en vert væri vegna þess að hún er þar á afleitum stað og fáir sjá hana. Jón Stefánsson hafði tjáð sig í mynd um landbúnaðinn á vegg í bankanum og það kom í hlut Kjarvals að túlka sjávarútveginn. Þar hefur Kjarval m.a. málað síðklæddar konur að staffa saltfisk á stakkstæði, menn við útskipun á saltfiski og sjómenn á opnum báti að ýta úr vör. Þar sem hann var öllu vanur til sjós, hef ég ævinlega talið víst að þessar myndir hafi hann teiknað án sérstakra fyrirmynda og byggt á minni. En nú hefur komið í ljós að svo er ekki.

Eftir lát listamannsins fundust filmur í fórum hans og þar sjást fyrirmyndirnar. Annaðhvort hefur Kjarval sjálfur tekið myndirnar; brugðið sér á stakkstæðin úti í Skerjafirði, niður að höfn þar sem útskipunin fór fram og svo til Grindavíkur, þar sem myndað var þegar menn ýttu báti á flot, eða einhver hefur gert þetta fyrir hann. Hann notar þessar fyrirmyndir að vísu lauslega; gerir konur úr sumum körlunum á myndunum, en sjósetninguna í Grindavík hefur hann teiknað nákvæmlega eftir ljósmyndinni.

Það var árið 1925 að Kjarval lauk við freskuna í Landsbankanum og mun alveg óhætt að segja, að á þeim 70 árum sem síðan eru liðin hafi kannski eitt jafn frábært verk verið unnið í opinbera byggingu og þar á ég við altariðstöflu Nínu Tryggvadóttur í Skálholti. Það er merkilegt og jafnvel ótrúlegt, að svo litlum tíðindum þótti þessi freska í Landsbankanum sæta, að á hana var ekki



**TÍMAMÓT 1929: Hér tekur Kjarval fyrir alvöru stefnuna á landslagsmálverk-ið. Myndin sem hér sést, Hrafnabjörg, eru frá því ári.**

minnst í dagblöðunum svo heitið gæti og engin gagnrýni skrifuð um hana. Aðeins var minnst á það í smáfrétti í Tímanum, að Kjarval hafi lokið við myndinar og að þær séu „þrýðilegar“.

## VÖNDUÐ SÝNINGARSKRÁ

Sýningarskráin sem Kjarvalsstaðir standa að í tilefni sýningarinnar er nýtt Kjarvalskver, 50 blaðsíður. Hún er tvískipt. Annarsvegar er hin listfræðilega úttekt Kristínar G. Guðnadóttur á mótunarárum Kjarvals; hinsvegar sagnfræðileg úttekt á æviferli Kjarvals frá fæðingu 1885 til ársins 1930 eftir Ásmund Helgason, ungan sagnfræðing, sem ber nafn afa síns, Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara. Þar er í stuttu máli farið yfir hvert ár fyrir sig á aðgengilegan hátt.

Spyrja mætti hvort ekki sé að bera í bakkafullan lækinn að ráðast í slíka samantekt eftir allt sem búið er að gefa út um Kjarval. Þar má nefna Kjarvalsbók Helgafells með ritgerð Halldórs Laxness um listamanninn. Síðan hefur Björn Th. Björnsson skrifað um feril hans í myndlistarsögu sinni, Thor Vilhjálmsson í sinni ágætu Kjarvalsbók og loks er að nefna ævisögu Kjarvals í tveimur bindum eftir Indriða G. Þorsteinsson.

Kristín G. Guðnadóttir taldi að full ástæða hefði verið að ráðast í þessa úttekt engu að síður. Fyrst núna, sagði hún, væri búið að safna saman öllum rannsóknargögnum. Mikil vinna hefur verið lögð í að fara yfir öll dagblöðin, því það er fyrst og fremst þar sem heimildir er að hafa, og það gerði Ásmundur.

Þar fyrir utan hefur Kristín leitað í dönskum dagblöðum og bréfasafn Kjarvals hefur verið skoðað vandlega. Hann stóð í bréfasambandi við marga og gerði þá stundum uppköst að bréfum sínum og þau geymdu hann og lét eftir sig. Það er hinsvegar mun meira til af bréfum sem hann fékk frá öðrum. Til eru einnig handrit hans af ýmsu sem hann birti og þar leynist ýmislegt, til dæmis ritgerð hans um fútúrisme. Allt sem fyrir liggur og safnað hefur verið saman, hefur verið skoðað af sagnfræðilegri nákvæmni, segir Kristín, og telur samt að ekki séu öll kurl komin til grafar.

Það er háttur virðulegra safna í útlöndum að gefa út viðamiklar sýningar-skrár þegar merkar sýningar eru haldnar. Þetta eru stundum svo miklir doðrantar að maður veigrar sér við því að bæta þeim við farangurinn. Sýningarkráin um mótunarár Kjarvals er ekkert slíkt. En hún er þó nokkur bók.

Ekki þó í flokki listaverkabóka með fjölda litprentana. Þetta er umfram allt textabók og myndirnar eru allar í svarthvítu. Þarna er á aðgengilegan hátt hægt að sjá hvað dreif á daga Kjarvals hvert ár fyrir sig fram til 1930. Tökum til dæmis það sem sagt er um árið 1915:

„Kjarval virtist í léttu skapi á nýársdag 1915: „Mér líður vel...Jeg er grallaraleysisins maður og sendi bombur um víða veröld“. Þann 17. mars kvæntist hann Tove Merrild og bjuggu þau á Max Müllersvej 3 í Kaupmannahöfn. Hann lauk öðru ári sínu í Akademíinu um vorið og hóf þriðja námsár þá um haustið.“

Úr þessu verður líklega fátt alveg nýtt dregið fram í dagsljósið um Kjarval. Gildi samantektar Ásmundar og ritgerðar Kristínar liggur í því að fá margháttaðar upplýsingar í samþjappað og aðgengilegt form. Og þar er margt harla athyglisvert, hvort sem það hefur birt einhversstaðar áður. Til dæmis klausa úr bréfi sem Kjarval skrifar vini sínum, Guðmundi W.Kristjánssyni í apríl 1929 og gefur þar til kynna þau tímamót, sem framundan eru hjá honum:

„...hefi jeg nú í hyggju að leggja út - það þýðir að gjörast útilegumaður- og stunda málverk mitt einn - við vernd alnáttúru, og sjá svo til hvað setur. Habitus skal til als nokkur, og mun ég nú breyta meira frá alfaravegi en oft áður. Hvað af slíku leiðir vitum vjer einungis í huganum enn svolítið.“

Ástæða er líka til að staldra við niðurstöðu Kristínar, þar sem hún segir m.a.svo: „Sé litið yfir þetta frjóa mótunarskeið á ferli Kjarvals, sem árin fram til 1930 voru, má sjá að ferill hans lýtur ekki hefðbundnum lögmálum. Kjarval takmarkar sig ekki við eina stefnu og fylgir henni eftir, heldur sýna verk hans fram á að flest það er hann komst í snertingu við vakti áhuga hans og kallaði á skoðun og útfærslu. Þannig má sjá að hann er að vinna náttúralistísk, kúbísk og expressjónistísk verk samtímis. Frumleiki hans felst í óvanalegri úrvinnslu mismunandi áhrifa, en sýnt hefur verið fram á hvernig hann oft tvinnað saman gjörólíkar hugmyndir og stílgerðir svo sem stílbrigði úr dönskum modernisma og hugmyndir frá William Blake eða myndbyggingu endurreisnartímabilsins og stílbrigði impressjónismans. Hugurflugi hans og sköpunarkrafti virðast engin takmörk sett og sætti hann því ámæli fyrir vinnubrögð sín í hinu þröngsýna, íslenska listaumhverfi.“

GÍSLI SIGURÐSSON